

# KARLAR

## Upphaf lífrar-bandalags

Sunnudagskvöld. Nýkomín úr sundi. Alein heima. Eins og reyndar flest kvöld þetta erilsama haust. Glorhungruð. Opna ísskápinn. Ekkert til frekar en venjulega. Jú, og þó. Þarna er lífrarsneið. Af nýslátr-uðu, auðvitað. Mér þykir lífur góð. Kannski dugar hún fyrir tvo. En ég gæti borðað hana alla.



eftir Bryndís Schram

Set upp kartöflur. Sker lífrina í örsmáa bita. Mmmm... það kemur vatn í munninn á mér.

Siminn hringir. — „Hæ, áttu eitthvað að borða? Ég er á heimleið. Fer aftur á fund í kvöld.“

Lit á lífrina. Jú, hún á að duga fyrir tvo. — Hann hefur að visu ekkert borðað í dag. En ég þarf ekki svo mikið.

Ég opna aftur ísskápinn. Sæki smjörlíki. Laukur. Æ, fсандinn. Ég á engan lauk. Nota bara krydd í staðinn. Hann tekur ekkert eftir því.

Það sýður á kartöflunum. Ég minnka undir, set smjörlíki á heita pönnuna. Muna nú að snöggstelkja lífrina. Þá bragðast hún best. Svakalega er ég svöng. Það gerir sundið.

Hann sveiflar sér inn um dyrnar. Kysst mig á munninn. Hengir upp frakkann.

„Ólafur Ragnar er á leiðinni. Þarf að tala við mig einslega.“

Ég lit aftur á lífrina.

„Er hann búinn að borða?“

„Eflaust ekki. Hann hefur verið á fundum í allan dag.“

Jesus minn, ég verð að bjóða honum í mat. Það verður ekkert eftir handa mér. Og ég á ekki einu sinni lauk, heldur ekki rjóma. Hendist aftur í ísskápinn. Ekkert. Jú, dós af sýrum rjóma. Eldgömul að visu. Engin ólykt. Skelli þessu út á lífrina. Hræri í. Dugar ekki. Opna aftur ísskápinn. Auðvitað! Ég steiki egg. Þeir taka ekki eftir neinu. — En það verður ekkert eftir handa mér. — Af hverju þarf maðurinn endilega að koma núna?

Tek kartöflurnar af vélinni. Helli vatninu í vaskinn. Ólafur Ragnar er kominn. Inn í eldhúss.

„Fínt að fá eitthvað að borða.“

Ég hafði lagt á borð fyrir tvo.

„Má ég taka mynd?“

Gunnar Andrésen er í gættinni.

Ég lit niður um mig. Berfætt í gömlum gallabuxum. Bolur af dóttur minni: I CHOOSE LIFE framan á. Ótílhöfð.

Ég hleyp að eldavélinni. Lífrin má ekki sjóða. Mmmm... ég fæ aftur vatn í munninn. Skipti bróðurlega á tvo diska. Kartöflur og egg.

„Gjörð þú svo vel.“

Þeir borða matinn minn.

„Þetta er frábært, Bryndis.“

„Já, Bryndis er snilldarkokkur.“

Það gaula í mér garnirnar. Tveir tómir diskar. Þeir eru farnir. Einn agnarlitill biti liggur eftir á borðinu. Hann bráðnar í munninum á mér. Samt er ég svöng.

Hver bauð annars Ólafi Ragnari í mat?

Hver bauð Gunnari Andrésyni að taka mynd?

Og hver bauð yfirleitt til þessa lífrarbandalags?



Áshildur Haraldsdóttir og flautan.

### TÓNLIST

## Áshildur blæs daglangt í New York

Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari er einn af okkar ungu listamönnum sem siglir hraðbyri fram í sviðsljósið af mikillar elju og í krafti ríkra hæfileika. Hún lék fyrir skömmu einleik á flautu með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig lék hún á tónleikum í Listasafni Íslands. Með Sinfóníuhljómsveitinni lék hún flautukonsert eftir Carl Nielsen frá Danmörku. Síðastliðið vor lauk Áshildur meistaraáráðu í flautuleik eftir nám í New York og Boston, en lengst af nam hún í Boston, eða í þrjú ár.

Morgunblaðið ræddi við Áshildi í New York þar sem hún stundar nú nám í einkatímum í flautuleik og hyggst dvelja þar að minnsta kosti til vors. „Þetta byggist á æfingum og aftur æfingum,“ sagði Áshildur, „en að loknu þessu námi ætla ég að reyna að koma mér á framfæri í Skandinavíu.“

Jú, þetta er sannkölluð törn, það má segja að maður sé að blása í flautuna daglangt. Þetta er mesti tími sem ég hef haft til þess að æfa mig og mér finnst ég hafa lært mjög mikið á þessum tíma. Að þessari törn lokinni er síðan að koma sér út á vinnumarkaðinn, það er spennandi, ég er til í allt.“



Snorri Sturluson við störf.

### EYRARBAKKI

## Þénar ekki að vera með vol og víl

Einn síðdaginn þegar Morgunblaðsmenn brugðu sér yfir Óseyrarbrúna til Eyrarbakka voru nokkrir menn að hengja upp fisk á hjalla vestan við þorpið. Um fátt hefur líklega verið meira rætt í þessu landi en veðrið, sauðkindina og fiskinn, því þessi þrjú atriði virðast endalaust vera hugleikin fólki í starfi og leik. Það voru snaggaralegir menn sem unnu við hjallana og í þeirra hópi var Halldór Guðmundsson, sjötugur unglingur frá Eyrarbakka. Fátt væri nú að fréttast af fólki í þessu landi ef ekki væri fiskurinn og við skiptumst á orðum við Halldór.

Halldór er fæddur og uppalinn í Grímsnesinu, en hefur búið á Bakkanum

síðan 1944. Þangað kom hann frá Læk í Hraungerðishreppi. Hann hefur unnið í fiski lengst af ævi sinnar, var á vertíðum í Eyjum í nær þrjú áratugi, síðast með Jóa Páls á Blátindi 1951.

„Ég er búinn að vinna djöfull lengi í Fiskiver á Eyrarbakka, var lengi í veiðarfærunum, eða þar til í fyrra og svo er ég búinn að vera feikna lengi með garðrækt sem aukabúgrein, kartöflurækt og rófur, en nú er það búið.“

Jú, ég hef alltaf verið léttur á bárinni, hef ekki sett hlutina fyrir mig, ekki sérstaklega, enda þénar það ekki að vera með vol og víl, það þreytir bara og til hvers þá að stunda slíkt.“



Halldór Guðmundsson við fiskhjallana á Eyrarbakka. Hægra megin við hann er Jón Guðmundsson að hengja upp.

### SNORRI STURLUSON

## Það koma stundum vöflur á fólk út af nafninu

„Fólk í fréttum“ hafði spurnir af ungum Akureyringi sem ber hið sögufræga nafn Snorri Sturluson og er hann dagskrárgerðamaður á Hljóðbylgju þeirra Akureyringa. Lendir maður sem heitir Snorri Sturluson frekar í vafstri en aðrir vegna nafns síns? Nokkrar sögur átti hann að minnsta kosti í pokahorninu sem tengdar voru nafni hans.

Þegar hann var lífill var hann kallaður Snorri Sturluson landkönnuður, börnin í plássinu hans voru ekki af viss hver sá frægi Snorri var. Síðar bjó hann í Danmörku og þar var hann kallaður „Snoi Stuluson“ enda báru danir nafnið fram eins og þeim er einum lagið. „Það koma stundum vöflur á fólk út af nafninu“ segir Snorri. „Ég man til dæmis eftir því að einu sinni var ég að keppa á skíðamóti þar sem ræst var með talstöðvum, kallað var nafn keppandans og síðan ræst. Það voru nokkrir keppendur á undan en þegar röðin kom að mér og kallað var í talstöðina uppi á brún: „Og hér kemur Snorri Sturluson“ þá urðu einhver vandræði á mönnum niðri í brekkunni, þeir héldu víst að sá með talstöðina væri að spauga og ég var hreinlega ekki ræstur!“

„Einu sinni hringdi ég í fyrirverandi kaupfélagsstjóra á Akureyri og svaraði ekki sá eini á símann. „Snorri Sturluson hérna megin, get ég fengið að tala við...“ sagði ég. „Já, já, sæll vertu, Egill Skallagrímsson talar...“ sagði þá stúlkan og hélt auðvitað að ég væri með aulafyndni.“

Þessi ungi maður er reyndar ekki sá eini á Akureyri sem ber þetta sögufræga nafn, alnafni hans er einnig búsettur þar. Þeir störfuðu á sama vinnustað og varð viðmælandi minn eitt sinn fyrir því að fá vænni summu í launaumslagið en hann átti skilið. Hann hafði þá fengið launin hans nafna síns líkal